



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/123*  
*komudagur 13.11.2003*

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13.11.2003  
Tilv. 02.109, 12.103  
GÁS

Vísað er til erindis hæstvirktrar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 29. október sl. þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, 6. mál.

Það er yfirlýst stefna Samtaka verslunarinnar að afnema beri með öllu þá neyslustýringu sem felst í núverandi fyrirkomulagi á skattlagningu matvæla. Kerfið felur það í stórum dráttum í sér að sykurinnihald vöru er látið ráða því hvort matvara beri vörugjald eða hvort hún lendir í hærra þrepi virðisaukaskatts. Er slíkt kerfi í andstöðu við almenna þróun á þessu sviði og er Ísland nú, eftir því sem best er vitað, eina landið í Evrópu sem á annað borð hefur tvö virðisaukaskattsþrep þar sem matvæli bera mismunandi háan virðisaukaskatt.

Sú neyslustýring sem felst í tveggja þrepa virðisaukaskatti á matvæli og álagningu vörugjalds á sumar tegundir matvæla tekur oft á sig hinar undarlegustu myndir og er erfitt að sjá hvaða rök búa að baki slíku inngrípi í neysluvenjur almennings. Erfitt er t.a.m. að sjá rökin að baki því að kókómalt til fblöndunar í mjólk og vatn beri vörugjald upp á 50 kr. á kíló og er í efra þrepi virðisaukaskatts. Kakómjólk ber hins vegar ekki vörugjald og er í neðra þrepi virðisaukaskatts. Annað dæmi sem nefna má er að kolsýrt vatn er flokkað sem gosdrykkur og leggst á það vörugjald og hærri virðisaukaskattur. Mætti nefna fjölmörg önnur dæmi af svipuðum toga.


Samtök verslunarinnar eru sammála því markmiði stefnt er að með frumvarpinu að lækka matvælaverð. Það má hins vegar einnig gera með öðrum áhrifaríkari aðferðum. Til dæmis með afnámi vörugjalds á matvæli en vörugjald er dulinn skattur sem hvergi kemur fyrir sjónir neytenda en vegur töluvert í verðlagningu matvæla og afnám þess hefði afgerandi áhrif í þá átt að bæta kjör almennings. Þá verður einnig að benda á að með mikilli samþjöppun á matvælamarkaði hér á landi á undanförunum árum hefur samkeppni minnkað og ljóst að það hefur haft veruleg áhrif til hækkunar á matvælaverði. Væri þarft verk að skoða það atriði nánar en rannsókn Samkeppnisstofnunar á þessu atriði sem boðuð var á árinu 2001 hefur ekki hafist enn.




Í ljósi framanritaðs treysta Samtök verslunarinnar sér ekki til að mæla með að ofangreint frumvarp verði lögfest óbreytt enda mun það enn auka á þá neyslustýringu sem í núverandi kerfi felst.

Að lokum lýsa samtökin sig reiðubúin til að mæta á fund hæstvitrar efnahags- og viðskiptanefndar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllst

  
Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri

  
Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.